

**AFRIT**

Glitnir sjóðir hf.
c/o Glitnir banki hf.
Kirkjusandi
105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/147
komudagur 14.11.2008

Reykjavík, 14.nóvember 2008

Varðar: Peningamarkaðssjóði bankans

Með bréfi þessu óskar viðskiptanefnd Alþingis eftir svörum við neðangreindum spurningar sem varða peningamarkaðssjóði þá sem starfræktir voru af hálfu viðskiptabankanna. Nefndin telur upplýsingagjöf þessa afar mikilvæga svo nefndinni sé unnt að sinna eftirlitshlutverki sínu.

1. Óskað er eftir yfirliti yfir eignasamsetningu í sjóðunum og yfirliti yfir breytingar á samsetningu þeirra frá 1.janúar 2007 til og með 6.október 2008.
2. Óskað er eftir upplýsingum um hvort viðskipti hafi farið fram á síðustu mánuðum með eignir í peningamarkaðssjóðum til aðila sem tengjast bönkunum þ.e. nákominna í skilningi 3.gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og ef svo er, upplýsingum um hverjir þessir tengdu aðilar eru.
3. Óskað er eftir yfirliti yfir viðskiptin í tengslum við útgreiðslu úr peningamarkaðssjóðum og þar með talið umfang og forsendur á bak við þau.
4. Óskað er eftir upplýsingum um hvort fjárfestingar sjóðanna hafi verið samræmi við útgefna fjárfestingastefnu.
5. Spurt er hvort að fullyrðingar við sölu sjóðanna um áhættustig (áhættulausir) hafi staðist?
6. Spurt er hvort að verulegar breytingar hafi orðið á eignasamsetningu sjóðanna vikurnar fyrir hrun bankanna?
7. Spurt er hvort að til staðar hafi verið skjalfestir hvatar innan bankanna á að selja eignir sjóðanna?
8. Spurt er hvort að peningamarkaðssjóðir hafi verið notaðir með einhverjum hætti til þess að halda uppi gengi hlutabréfa?
9. Spurt er hvernig standi á þeim mun sem er á útgreiðslu úr peningamarkssjóðum viðskiptabankanna annars vegar og hins vegar úr peningamarkaðssjóði BYR sem mun vera nær 96% hlutfall innstæðna?
10. Spurt er hvert sé eignaverðmæti þeirra eigna sem standa / stóðu á bak við sjóðina? Er rétt að um hafi verið að ræða bréf í Stoðum og öðrum tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum?


V I Ð S K I P T A N E F N D

11. Spurt er hversu margir opinberir aðilar hafi verið með eignir í sjóðunum s.s. sveitarfélög og hver var sameiginleg upphæð þeirra eigna?

12. Óskað er eftir upplýsingum um hvort að ríkisstofnanir hafi átt eignir í sjóðunum.

Svör við spurningum þessum óskast skriflega og rafrænt sendar til nefndarinnar við fyrsta hentugleika.

F.h. Viðskiptanefndar Alþingis



Ritari viðskiptanefndar

VIÐSKIPTA NEFND